



STJÓRN SSH 435. fundur

Mánudaginn 24. október 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Forföll: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. **Kjarasamningar grunnskólakennara /1504009**

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson frá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Atli Atlason frá samninganefnd Reykjavíkurborgar.

Farið var yfir stöðu í kjarasamningaviðræðum við félag grunnskólakennara og verkefni framundan við gerð nýs kjarasamnings.

Umræður

Niðurstaða:

Málið er í höndum ofangreindra samninganefnda.

2. **Hækkun á mótframlagi til lífeyrissjóðanna Brúar og LSR**

Neðangreind bókun var samþykkt á fundinum:

Hinn 19. september sl. var undirritað samkomulag milli opinberra vinnuveitenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um að taka upp aldurstengt sjálfbært lífeyriskerfi hjá A-deild LSR og A-deild Brúar (LSS) sem taki gildi 1. janúar 2017. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi A-deild Brúar til umtalsverða fjármuni til að tryggja sjálfbærni lífeyriskerfis opinberra starfsmanna í þjónustu sveitarfélaga. Þegar kom til kasta alþingis að breyta lögum um LSR í samræmi við framangreint samkomulag lýstu ýmis stéttarfélög opinberra starfsmanna yfir fullri andstöðu við samkomulagið og lagafrumvarpið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu alþingis fyrir lok þessa þings og samkomulagið virðist vera í lausu lofti.

Í stað þess að mæta halla þessara lífeyrissjóða með skuldayfirlýsingum sem kæmu til greiðslu á næstu þrjátíu árum stefnir að óbreyttu í að sveitarfélögin þurfi að standa undir hækkun mótframlaga í þessa lífeyrissjóði um 3,6-4,5%. Viðbótarlaunakostnaður sveitarfélaga vegna þessa á næsta ári nemur um 3,5 ma.kr. Heildarframlög í þessa opinberu lífeyrissjóði munu því með mótframlagi starfsmanna verða 19,1-20,8% af launum. Þessi aukni launakostnaður mun leiða til þess að mörg sveitarfélög neyðast til að draga til baka áform um framkvæmdir og aukna þjónustu á næstu árum og svigrúm þeirra til að standa undir launahækkunum næstu árin verður mjög skert.



Það er einnig umhugsunarefni þegar um fimmtungi launakostnaðar er varið til að standa undir launum starfsmanna eftir starfslok í stað þess að greiða hluta þeirra jafnharðan til starfsmanna og auka þannig samtíma ráðstöfunartekjur þeirra. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk sem með ærnum tilkostnaði þarf að tryggja sér öruggt húsnæði fyrir sig og sína snemma á lífsleiðinni.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvetur samningsaðila, alþingsmenn og nýja ríkisstjórn til að taka þetta mál upp aftur sem allra fyrst eftir kosningar og ljúka því fyrir næstu áramót til að tryggja opinberum starfsmönnum sjálfbært og nútímalegt lífeyriskerfi og ekki þurfi að koma til óeðlilegar hækkana á mótframlagi í opinbera lífeyrissjóði.

3. Málafni byggðasamlaganna /1501004

a) Rekstrarúttekt, staða, framvinda og verklok

Rætt var um yfirstandandi vinnu við rekstrarúttekt byggðasamlaganna og þörf á að því verkefni ljúki sem fyrst, m.a. með vísun í ákvæði og samþykktir frá eigendafundum byggðasamlaganna 5. september sl.

Samþykkt að stjórnarformaður ásamt formanni stýrihóps rekstrarúttekarinnar kalli eftir lokasamantekt frá ráðgjafa vegna tillagna um mögulegar aðgerðir í rekstri SORPU bs. og Strætó bs. og að aukin áherlsa verði sett í vinnu við greiningu á rekstri SHS.

b) Erindi stjórnar SORPU bs. frá 14. október sl. – beiðni um eigendafund.
Framkvæmdastjóra falið að finna hentugan tíma fyrir fundinn.

4. Málafni hælisleitenda og flóttafólks /1510001

Umræður um stöðu í sveitarfélögunum og reynslu af framkvæmd samninga ríkis og sveitarfélaga.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55